



SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

STARFSÁRIÐ 2022

Skýrsla framkvæmdastjóra er óvenjuleg að þessu sinni, þar sem framkvæmdastjóri var í fæðingarorlofi fram í Nóvember 2022. Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir sem var ráðinn til afleysingar, hélt á önnur mið í febrúar 2023. Stjórn ÆSKÞ tók þá ákvörðun um að bíða með ráðningu nýs framkvæmdastjóra. Sigurður Óskar var síðan fenginn í tímabundna afleysingu til að sinna gleðigöngunni og landsmóti ÆSKÞ. Af þessum sökum varð rask á framkvæmd viðburða, þá var Covid einnig að enn að hefta störf í árs byrjun og tók það stjórn ÆSKÞ töluverðan tíma að ná aftur upp takti líkt og átti við víða annars staðar.

JANÚARNÁMSKEIÐ

Mikil aukning í smitum af völdum COVID19 var enn að hafa áhrif á félagsstarf í byrjun árs 2022 og því miður varð að fella fyrirhugað janúarnámskeiðið niður af þeim sökum

KIRKJUÞING UNGA FÓLKSINS

Kirkjuþing unga fólksins (KUF) var haldið dagana 13. og 14. maí. Þingið hefur fyrir löngu fest sig í sessi og er mikilvæg stoð í framþróun kirkjunnar. Það er ákaflega mikilvægt að ungt fólk læri lýðræðisleg vinnubrögð, undirbúa og leggja fram mál, ræða þau og greiða atkvæða og sjá svo svart á hvítu hvernig hugðarefni þeirra móta og bæta kirkjuna sem þau vilja tilheyra til framtíðar.

Forseti KUF var kosinn Berglind Hönnudóttir og varaforsetar voru Sóley Adda Egilsdóttir og Ásmundur Máni Þorsteinsson.

Kristján Ágúst Kjartansson var verkefnastjóri þingsins og sá um undirbúning og framkvæmd í samstarfi við fulltrúa á Biskupsstofu og stjórn ÆSKÞ.

GLEÐIGANGAN

ÆSKP tók þátt í gleðigöngunni þann 6. ágúst. Sigurður Óskar leiddi verkefnið í ár. Yfirskrift ÆSKP að þessu sinni var: „Æskulýðssamband þjóðkirkjunnar er málsvari fyrir ungt fólk og kristilegt æskulýðsstarf. Elskum náungann eins og okkur sjálf óháð kyni eða kynhneigð“. Undanfarið hefur verið á brattan að sækja í réttindabaráttu hinsegin fólks og því hefur sjaldan verið eins mikilvægt og einmitt núna að taka þátt. Það skiptir miklu máli að kirkjan láti sig réttindi minnihluta hópa varða og það gleður því óneitanlega að verða árlega vitni að þeirri miklu stemningu sem skapast í leiðtogahópnum við undirbúning og framkvæmd atriðis ÆSKP í Gleðigöngunni.

FRÆDSLUKVÖLD

„Hvernig færðu heilan bæ til að sýna meiri samkennd? Kvöld stund með Mark Yaconelli fyrir æskulýðsleiðtoga þar sem hann fjallaði um og sögur í lífi okkar og hvernig við getum í gengum frásagnir upplifað von og gleði. Einnig talaði hann um það hvernig þessar frásagnir sýndu okkur að Guð væri greinilega alltaf að verki í heiminum.

LANDSMÓT ÆSKP

Landsmóti ÆSKP 2022 var aflýst. Því miður tókst ekki að safna saman áhugasömum leiðtogum og sjálfboðaliðum til að koma að framkvæmd Landsmóts. Að baki landsmóti liggur ákaflega mikil vinna og að þessu sinni fengust ekki nógu margar hendur á dekk til að sinna því. Sigurður Óskar hafði verið fenginn til að koma verkefninu af stað ásamt stjórn en því miður vantaði hann fleira fólk með sér. Hann hefur áður komið að undirbúning og framkvæmd Landsmóts og það var sárt að málin skyldu fara svona.

Það er von okkar að sem stöndum að baki ÆSKP að þetta muni ekki endurtaka sig og að við munum eiga frábært mót í október. Vonandi fáum við öflugan leiðtoga og sjálfboðaliða með okkur í framkvæmdina því án sterkrar liðsheilar er framkvæmdin ákaflega þung.

LEIÐTOGASKÓLINN

Leiðtogaskólinn hefur um árabíl verið fastur liður í leiðtoga þjálfun kirkjunnar og hefur fyrir löngu sannað sig sem mikilvægur þáttur í nýliðun og eflingu æskulýðsstarfs. Þetta er metnaðarfullt verkefni sem byggist upp á tíu samverum á ári í tvö ár, þar sem þátttakendur læra að bera ábyrgð á æskulýðsstarfi, skipuleggja æskulýðsfundi, lesa hópinn, hvernig bregðast

skuli við aðstæðum sem upp geta komið, hugleiðingagerð og margt fleira.

Farskólinn hefur verið starfræktur í Reykjavík fyrir ungleiðtoga í samstarfi við ÆSKR, Kjalarnessprófastsdæmi og Biskupsstofu og á Austurlandi og Norðurlandi í samstarfi við ÆSKA, ÆSKEY og biskupsstofu.

ERLENT SAMSTARF

Aðlafundur European Fellowship fór fram í Belfast dagana 21.-22. október. Venjan er að aðildarfélög EF skiptist á að halda fundinn og var að þessu sinni komið að Boys Brigade UK/Írland. Það var gott að hittast aftur í raunheimum og þrátt fyrir að samstarf EF aðildarfélagana hafi verið mikið og gott í gegnum fjarfundarbúnað á meðan á COVID stóð þá fundu fundargestir vel fyrir því hversu mikilvægt það er að hittast og styrkja tengslin. EF stendur þokkalega og viðburðir sambandsins eru aftur að sækja í sig veðrið. Þá átti EF stóran þátt í undirbúningi og framkvæmd **Interfaith Youth Convention on the European Green Deal – Striking a Deal for our Common Home**. Útkoman var skýrsla sem lögð var fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í ársbyrjun 2022 og innihélt 21 atriði sem ungt trúað fólk vill sjá tekin fyrir í Græna samningnum (e. Green deal legislation). Hægt er að nálgast skýrsluna á heimasíðu ÆSKÞ.

Fyrri viðburðurinn var í október 2021 og fór hann fram á netinu, en þá var boðað til umræðufundar þar sem ungt trúða fólk kannaði og ræddi hvernig ESB getur mætt loftlagsvánni í helstu málaflokkunum sem eru: 1) Húsnæðismál, orkumál og samgöngur; 2) Matvæli og landbúnaður; 3) Framleiðsla og neysla; og 4) Menntun, vistfræði og færni. Trúarleiðtogar, Evrópuþingmenn og embættismenn ESB voru viðstaddir til að veita sérfræðiráðgjöf um hvert efni.

Auk fulltrúa frá European Fellowship var ungt fólk frá Evrópska búddistasambandinu (EBU), Evrópufélagsmiðstöð jesúíta, Young Caritas Europa, FIMCAP, Don Bosco International, FEMYSO (Málþing evrópskra æskulýðs- og námsmannasamtaka múslima) og COMECE (Kafólska kirkjan Evrópusambandinu) þátttakendur í verkefninu. Auk skýrslunnar er niðurstaða þessarar vinnu dýrmæt reynsla í að þróa þvertrúarlega samræðu milli ungs fólks í Evrópu og mikilvægt tengslanet sem mun án efa halda áfram að styrkjast og vinna saman að nýjum verkefnum í framtíðinni.

ÆSKP á ekki fulltrúa í stjórn EF að þessu sinni en það væri ákaflega mikilvægt fyrir sambandið að við tækjum sæti í stjórn á næsta aðalfundi. Því er mikilvægt að þeir sem hafa áhuga á erlendu samstarfi og samtali við ólíkar deildir kristinnar kirkju sem og á þvertrúarlegum málefnum bjóði fram krafta sína.

Eitt af markmiðum ÆSKP er að opna möguleika íslenskra ungmenna til að kynnast ungmönnum í kirkjustarfi á erlendum vettvangi og viljum við því enn og aftur hvetja aðildarfélögin okkar til þess að senda þátttakendur á þau námskeið sem eru í boði. Auk þess sem við getum haft milligöngu um alþjóðleg samstarfsverkefni ef áhugi er fyrir hendi hjá einhverjum æskulýðsfélögum.

*Virðingarfyllst,
Jónína Sif Eyþórsdóttir
Framkvæmdastjóri ÆSKP*